

# Sunnudagskaffi í Alþýðuhúsinu

Á sunnudaginn kemur, 7. apríl, kl. 14.30, mun listamaðurinn Teresa Cheung vera með erindi á Sunnudagskaffi með skapandi fólki í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.

Teresa kemur upphaflega frá Hong Kong. Hún hefur verið að vinna í lista- og menningargeiranum í yfir 8 ár. Hún hefur stjórnað sérstökum verkefnum hjá Listhús, Ólafsfirði, frá því að hún flutti til Íslands árið 2017. Þar á meðal Skammdegihátið, sem hefur verið árlegur listviðburður þar síðastliðin 5 ár.

## Inn / Út Art

Teresa ætlar að deila reynslu sinni og viðhorfum, sem útlendingur, og seinna, íbúi í Ólafsfirði, og taka þátt í umræðum, með áheyrendum, og ræða hlutverk og möguleika lista- og menningarstarfsemi í litlum samfélögum.

Athugið að erindið er á ensku.

Að því loknu eru kaffiveitingar í boði og eru allir velkomnir.

Uppbyggingarsjóður/Eyþing, Fjallabyggð, Norðurorka, Aðalbakarí og Kjörbúðin styrkja menningarstarf í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.

Mynd og texti: Aðsent.